

22. Breytingar á reglugerðinni.

- 22.1. Tillögur um breytingar á reglugerð þessari má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. þremur mánuðum fyrir ársfund sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal, fullum tveimur mánuðum fyrir ársfund, senda aðildarfélögum sjóðsins og VSÍ tillögurnar til kynningar. Ennfremur verður að geta tillagnanna í fundarboði. Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingarstefnu, sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris, skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu, sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum, samkvæmt samningi milli ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig, að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.
- 22.2. Tillaga að breytingum á ákvæðum sem teljast efni kjarasamninga, s.s. um iðgjöld og stjórnskipan sjóðsins, þ.m.t. ákvæði um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórnar, verða einungis teknar fyrir á ársfundi, að fengnu samþykki aðildarfélaga viðkomandi lífeyrissjóðs.
- 22.3. Reglugerðarbreytingar taka því aðeins gildi, að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa í fulltrúaráði á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

23. Gildistaka.

- 23.1. Reglugerð þessi kemur í stað reglugerðar þeirrar, sem gilt hefur frá 18. maí 1995 og gildir frá 1. janúar 1997.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 11. febrúar 1997.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

GJALDSKRÁ

fyrir eftirlit með köfunarbúnaði og aðra þjónustu varðandi köfunarmál.

1. gr.

Eigandi köfunarbúnaðar, sem ætlaður er til að nota við köfun í atvinnuskyni, greiðir eftirtalin gjöld fyrir skráningu og skoðun hans:

	Kr.
Grunngjald skráðs köfunarbúnaðar	2.110
(Skráningarskyldur köfunarbúnaður er lunga, heilgríma, hjálmur og loftþjappa).	
Fyrir greiningu lofts (þrjú rör)	1.830
Fyrir Dragerrör til loftgreiningar	570

Fyrir skoðun búnaðar greiðir eigandi búnaðarins laun starfsmanns Siglingastofnunar Íslands þann tíma er skoðunin tók og annan útlagðan kostnað, þó eigi dagpeninga og ferða-kostnað.

2. gr.

Vegna próftöku til köfunarréttinda greiðast eftirtalin gjöld:

	Kr.
Fyrir próf til C-réttinda	10.150
Fyrir próf til B-réttinda	20.200
Fyrir endurtökupróf	6.730

3. gr.

Vegna atvinnuskírteina kafara greiðast eftirtalin gjöld:

	Kr.
Fyrir útgáfu atvinnuskírteina kafara	4.680
Fyrir endurnýjun atvinnuskírteinis kafara	1.830

4. gr.

Fyrir annað eftirlit og þjónustu, er köfunarmál varða, skal greiða þóknun samkvæmt reikningi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 12, 13. apríl 1976 um kafarastörf, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1997 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 547, 28. desember 1993.

Samgönguráðuneytinu, 17. febrúar 1997.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um einkennisbúninga og búnað tollvarða.

1. gr.

Klæðaburður tollvarða.

Tollverðir skulu ganga í einkennisfatnaði við störf sín samkvæmt reglugerð þessari og ávallt vera snyrtilegir til fara. Fatnaði, sem þeim er lagður til samkvæmt reglugerð þessari, ber þeim að halda vel við og sjá um að hann sé hreinn og snyrtilegur. Tollstjórar og aðrir yfirmenn skulu fylgjast með klæðaburði tollvarða, og ber þeim að sjá til þess að klæðaburður sé í samræmi við gildandi reglur. Þess skal jafnan gætt að samræmi sé í klæðaburði þegar tveir eða fleiri tollverðir eru saman að störfum.

Með samþykki tollyfirvalds er tollverði heimilt að vera án einkennisjakka og -húfu við akstur, störf innan tollstöðvar eða önnur sérstök tækifæri.

2. gr.

Gerð einkennisfatnaðar.

Einkennisfatnaður tollvarða skal vera svo sem hér segir:

1. Húfa skal vera úr hvítu efni með 5 cm breiðri uppistandandi gjörð, 5 cm breiðri reisu, kringlóttum hvítum flötum kulli, gljáleðursskyggni og hökuól sem fest sé á gjörðina